



Steypuvinna við Morsá miðvikudaginn 4. maí 2016. Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Vík. Ljósmynd: Sveinn Þórðarson.

## Hringvegur (1) um Morsá

Nú standa yfir framkvæmdir vegna nýs Hringvegar um farveg Skeiðarár á um 3 km kafla ofan núverandi vegar. Gerð brúar yfir Morsá verður lokið í sumar og nýr vegur verður lagður á næsta ári. Þar með verður lengsta brú landsins, Skeiðarárbrú, ekki lengur í notkun.

Nýr vegur verður 2 km langur og um 0,5 km kaflar beggja megin þar sem nýr vegur tengist núverandi vegi. Byggður verður 8 m breiður vegur með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi en brúin er 68 m löng með 9 m breiðri akbraut. Nýr Hringvegur (1) um Morsá liggur um land Skaftafells í sveitarfélaginu Hornafirði.

Með nýbyggingu vegar um Morsá leggst af núverandi brú um Skeiðarárfarveg, sem er 880 m löng, einbreið með útskotum. Gólf brúarinnar er úr timbri, klætt stálmottum. Brúin var byggð á árunum 1973-1974 og er timburglífið orðið ▶



Skeiðarárbrú verður tekin úr notkun á næsta ári.

**Útboðsvefur.is** - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://Útboðsvefur.is) og [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 24. árg. nr. 663 13. júní 2016

Rittstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
[askrift@vegagerdin.is](mailto:askrift@vegagerdin.is)


Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.




► mjög lélegt og hefði þurft að skipta um það allt með miklum tilkostnaði ef ný brú hefði ekki verið byggð á Morsá. Eftir að Skeiðará hætti að renna eftir farvegi sínum og rennur í Gígjukvísl er ekki lengur þörf fyrir svo langa brú, þar sem það er eingöngu Morsá sem rennur í Skeiðarárfarveginum. Með hlýnandi verðurfari hefur skriðjökullinn hörfað svo mikið að hlaupvatn mun líklega ekki komast aftur í gamla farveginn.

Með vaxandi þungaflutningum og mikilli umferð ferðamanna um svæðið hefur Skeiðarárbrú verið farartálmi og talsvert um slys á og við brúna. Með nýrri tvíbreiðri brú og breiðari vegi mun umferðaröryggi aukast til mikilla muna og umferð verður greiðari um svæðið.

Vegagerðin áætlað að brúargerð ljúki sumarið 2016, en vegurinn verði byggður fyrir hluta árs 2017 þannig að hægt




Morsá, brúarstöpull.




Húsavíkurhöfðagöng, staða framkvæmda 6. júní 2016. Búið er að sprengja samtals 523 m sem er 55,5% af heildarlengd. Heildarlengd ganga í bergi 943 m, vegskálar ekki meðtaldir.



Ný veglína framhjá Skeiðarárbrú og ný brú yfir Morsá.



Morsá, langsnið nýju brúarinnar.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 6. júní 2016. Búið er að sprengja samtals 5.375 m sem er 75% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



► verði að taka allt mannvirkið í notkun sumarið 2017. Morsá er veitt vestur fyrir brúarsvæðið á meðan verið er að byggja brúna, sbr.

Heildarefnisþörf í verkið er áætluð um 106.000 m<sup>3</sup>. Fyllingarefni er um 80.000 m<sup>3</sup>, burðar- og styrktarlag er um



Þrjár brýr, með sama lagi, voru byggðar á Skeiðarársandi og teknar í notkun 1974. Það voru brýrnar yfir Gígjukvísl (336 m), Súlu (420 m) og Skeiðará (880 m). Brúin yfir Gígjukvísl fór í hlaupinu 1996 og var byggð ný brú yfir hana. Nú verður Skeiðarár-brú tekin úr notkun en brú yfir Súlu verður áfram í notkun.

22.000 m<sup>3</sup>, steinefni í bundið slitlag er um 1.000. m<sup>3</sup> og grjótvörn um 3.000 m<sup>3</sup>.

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem gert er ráð fyrir byggingu tvíbreiðrar brúar um Skeiðarárfarveg við hlið núverandi brúar. ■



Nú þegar brúin á Skeiðará verður tekin úr notkun vakna spurningar um hvað verði um þetta mikla mannvirki. Nú þegar hafa komið fram tilmæli þess efnis að brúin verði varðveitt. Það er hins vegar nokkuð mikið í lagt að varðveita og halda við 880 m langri brú sem ekki er í notkun. En það mun gefast gott tóm til að ræða þetta á næstu árum því það liggur ekkert á að taka um þetta ákvörðun. Á meðan mun brúin standa sem eitt stærsta minnismerkið um afleiðingar hnattrænnar hlýnunar.

## Landshnitakerfi Íslands endurmælt í sumar

Áður birt á vegagerdin.is 01.06.2016

Það er mikilvægt að mæla rétt. Til þess að það sé hægt þurfa föstu punktarnir sem miðað er við að vera réttir og þar sem Ísland er á stöðugri hreyfingu þarf að endurmæla

grunnstöðvanetið reglulega. Slík endurmæling verður gerð í sumar. Forstjóri Landmælinga Íslands og vegamálastjóri komu verkefninu í gang á Valhúsaheðinni á Seltjarnarnesi 31. maí.



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands ýta landmælingaverkefninu úr vör á Valhúsaheð á Seltjarnarnesi þann 31. maí 2016 en sá mælipunktur hefur verið einn af grunnpunktum í landmælingum á Íslandi frá árinu 1904.

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur – Siglufjörður 2016 - 2018 16-042

Tilboð opnuð 18. maí 2016. Vetrarþjónusta árin 2016 - 2018 á eftirtöldum meginleiðum:

Sauðárkróksbraut (75),  
Sauðárkrókur - Siglufjarðarvegur, 14 km  
Siglufjarðarvegur (76),  
Sauðárkróksbraut - Siglufjörður, 80 km  
Hólavegur (767),  
Siglufjarðarvegur - Hólastaður, 11 km  
Heildarlengd meginvegakafila er 105 km.  
Helstu magntölur á ári eru:  
Meðalakstur mokstursbíla ..... 27.982 km  
Biðtími ökumanns ..... 50 klst.  
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Vélaþjónustan Messuholt ehf., Sauðárkróki	30.065.375	126,4	7.274
---	Áætlaður verktakakostnaður	23.784.700	100,0	993
1	Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	22.791.850	95,8	0

Endurmælingin á grunnstöðvaneti Íslands er nauðsynleg til að viðhalda nákvæmni í landshnitakerfinu sem aflagast vegna mikilla jarðskorpuhreyfinga hér á landi. Landshnitakerfið og viðmiðun þess er grundvöllur annarra landmælinga hér á Íslandi og þar með undirstaða stafrænnar kortagerðar, landfræðilegra upplýsingakerfa, vöktunar og verklegra framkvæmda.

Vegagerðin styður við þetta verkefni þar sem það er mjög mikilvægt í allri vegagerð þar sem gps-tækni er nýtt til hins ýrasta. Til að vegurinn hafni á réttum stað þurfa föstu punktarnir að vera þekktir og réttir.

Grunnstöðvanetið hefur verið mælt tvisvar áður með GPS-tækni, fyrst árið 1993 og svo aftur árið 2004. Að þessu sinni er gert ráð fyrir að mæla 123 fasta punkta í kerfinu auk þess að nota sírítandi GPS-mælingar frá um 100 föstum jarðstöðvum Landmælinga Íslands og samstarfsaðila. Að mælingum loknum tekur við eftirvinnsla og útreikningar með það lokamarkmið að skilgreina og gefa út nýja viðmiðun fyrir Ísland, ISN2016. Mjög mikilvægt er að sú viðmiðun komist sem fyrst í notkun hjá framkvæmdaaðilum því gera má ráð fyrir að bjögum í nágildandi viðmiðun (ISN2004) sé 20-25 cm og bjögum ISN93 sé 40-50 cm. Til verkefnisins fékkst sérstök fjárveiting úr ríkissjóði



Þessi mynd úr myndasafni Vegagerðarinnar frá 15. október 1935 sýnir einnig mælingar á Valhúsaheðinni. Jón J. Víðis og Bjarni Sæmundsson semja hringsjá sem síðan var sett upp á þessum stað 11. mars 1938.

en auk Vegagerðarinnar styðja einnig Landsvirkjun og Landhelgisgæslan við verkefnið. Fyrir þessar stofnanir er augljós ávinningur af því að viðhalda nákvæmni hnitakerfisins en hið sama gildir um ýmsar aðrar stofnanir, sveitarfélög og einkafyrirtæki sem tengja landmælingar við hnitakerfið t.d. við kortagerð, skipulagsmál og verklegar framkvæmdir. ■

### Norðfjarðargöng (92): Stjórnkerfi 16-085

Tilboð opnuð 7. júní 2016. Gerð stjórnkerfis í Norðfjarðargöng. Framkvæmdin sem hér um ræðir nær yfir gerð stjórnkerfis í Norðfjarðargöng en þau eru um 7,9 km löng, á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Stjórnkerfið hefur það hlutverk að fylgjast með ástandi í göngunum, skrá það, stjórna lofræsingum og láta vita af öllum bilunum og ef skapast hættusástand. Innifalið í verkinu er smíði stjórn- og símaskápa, iðntölvubúnaður, forritun búnaðarins samkvæmt verklýsingu, prófun búnaðarins og gerð handbóka um kerfið.

Helstu magntölur eru:

Stjórnskápar	6 stk.
Símaskápar	25 stk.
Símaklefar	6 stk.

Iðntölvubúnaður  
Forritun stjórnkerfis samkvæmt kröfum  
Prófun alls búnaðar

Gerð handbóka um kerfið

Verki skal lokið að fullu 30. apríl 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Rafey ehf., Egilsstaðir	112.233.854	129,5	35.137
---	Áætlaður verktakakostnaður	86.680.838	100,0	9.584
2	Rafskaut ehf., Ísafjörður	77.852.378	89,8	756
1	Rafmenn ehf., Akureyri	77.096.836	88,9	0

### Hegranesvegur (764),

#### Ás - Sauðárkróksbraut 16-032

Tilboð opnuð 7. júní 2016. Endurbýgging Hegranesvegur í Skagafirði, frá Ási að vegamótum við Sauðárkróksbraut. Lengd útboðskaflans er 5,09 km.

Helstu magntölur eru:

Efnisvinnsla 0/22 mm	7.430 m <sup>3</sup>
Skering	3.550 m <sup>3</sup>
Fylling	15.630 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	7.480 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	14 m
Endafrágangur ræsa	4 stk.
Neðra burðarlag	24.140 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	5.710 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	32.710 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	35.440 m <sup>2</sup>

Verktaki skal ljúka öllum verkþáttum nema lokafrágangi fláa, útlögn efra burðarlags og útlögn klæðingar fyrir

1. nóvember 2016. Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Víðimelsbræður ehf., Sauðárkrókur	127.536.850	106,6	17.548
---	Áætlaður verktakakostnaður	119.673.000	100,0	9.685
1	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	109.988.500	91,9	0





Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, við Reykjavík.

## Mikil aukning umferðar á Hringveginum í maí


Áður birt á vegagerdin.is 01.06.2016

Umferðin á Hringveginum, um 16 lykilteljara Vegagerðarinnar, jókst gríðalega mikið í maí eða um tæp 13 prósent. Aukningin fyrstu fimm mánuði ársins nemur ríflega 15 prósentum og er þessi hækkun einsdæmi og miklu meiri en mælingar frá 2005 hafa áður sýnt. Nú er útlit fyrir að umferðin í ár geti aukist um ríflega 9 prósent sem er gríðarlega mikil aukning á einu ári.


### Umferð milli mánaða 2015 og 2016

Umferð jókst mjög mikið milli maí mánaða 2015 og 2016 eða um tæplega 13%. Þetta er mesta aukning milli maí mánaða frá því að þessi samantekt hófst árið 2005. Mest eykst umferðin um Austurland eða um tæplega 42%. Slíkar hækkunar hlutfallstölu eru fáséðar yfir heilt svæði, en einna helst hefur borið á slíkum hækkunum á Austurlandi það sem af er ári og á síðasta ári. Til dæmis jókst umferðin um heil 54%, eða rétt tæplega það, á milli mars mánaða. Minnst jókst umferðin um og við höfuðborgarsvæðið eða um 9,4%.

Fyrir einstaka talningastaði jókst umferðin mest um talningasnið sem staðsett er við Gíslastaðagerði sunnan Egilsstaða á Austurlandi eða um rúmlega 57%, miðað við sama mánuð á síðasta ári.



Samanlögð meðalumferð í maí á 16 mælistöðum á Hringvegi (1). Bílar á dag.



Umferðin með spá út árið. Vísitala umferðar á 16 lykilstöðum á Hringvegi (1) borin saman við vísitölu hagvaxtar.

Þess ber að geta að umferðin um Hringveginn á Austurlandi er mjög lítil borin saman við önnur svæði, því segir hlutfallsleg hækkun ekki til um sambærilegan fjölda ökutækja á milli svæða.

### Umferð það sem af er ári milli 2015 og 2016

Nú hefur umferð aukist um 15,4% það sem af er ári miðað við sama tímabil á síðasta ári. Það er ekki nóg með að þessi mikla aukning sé einsdæmi miðað við árstíma, frá því að þessi samantekt hófst, heldur lang mesta aukningin fram til þessa. Næst þessu kemst aukningin milli 2006 og 2007, fyrir sama tímabil en þá hafði aukningin numið 6,4%.

Umferðin hefur aukist lang mest um Austurland eða 36,4% en minnst um og í grennd við höfuðborgarsvæðið eða 13,0%, sem er gríðarleg aukning vegna þeirra fjölda ökutækja sem fer um þau talningasnið.

### Umferð eftir vikudögum, það sem af er ári, milli 2015 og 2016

Eins og nærri má geta hefur umferð aukist mikið alla vikudaga, en mest hefur umferðin aukist á sunnudögum eða um 22,5% en minnst á fimmtudögum eða um 12,0%. Skýringin á hlutfallslega mikilli aukningu á sunnudögum er sú að á síðasta ári hafði sunnudagsumferðin verið óvenju lítil. Eins og áður er umferðin lang mest á föstudögum en minnst á þriðjudögum.

### Horfur út árið 2016

Eins og staðan er í dag eru horfur á mjög mikilli aukningu á umferð um Hringveginn nú í ár miðað við síðasta ár eða um rúmlega 9%. Gangi slík spá eftir yrði það lang mesta aukning sem orðið hefur til þessa. Umferðin um mælisniðin 16 jókst um 6,2% milli 2014 og 2015. Þetta yrði þá annað árið í röð þar sem umferð eykst umfram 5% markað.

Svona mikil aukning ár eftir ár dregur úr líkum á því að viðhaldi vega verði sinnt til samræmis, þar sem fjárveitingar og innviðir þurfa þá einnig að vaxa í takt við þessa aukningu. Hver endanleg niðurstaða verður veltur mikið á því hvernig umferðin þróast í næstu þremur mánuðum ársins.

## Niðurstöður útboða

### Siglufjörður – dýpkun við Bæjarbryggju 2016

16-048

Tilboð opnuð 24. maí 2016. Fjallabyggð óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Dýpkun á fínu efni framan við Bæjarbryggju og innsiglingu á Siglufjarðarhöfn og losun fínefna í sjó við Siglunes og grófara efni á fyllingarsvæði við enda Bæjarbryggju.

Dýpkun á fínu efni ..... 65.000 m<sup>3</sup>  
Dýpkun á grófara efni ..... 15.000 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	73.000.000	100,0	21.722
2 Björgun ehf., Reykjavík	69.930.000	95,8	18.652
1 Jan De Nul n.v.,	51.278.171	70,2	0

\*Tilboð Jan De Nul er í evrum.  
Tilboðið er hér fært í krónur á genginu 139,42.

### Endurbætur á Upphéraðsvegi (931), Hof - Skeggjastaðir

16-029

Tilboð opnuð 24. maí 2016. Endurbætur og klæðing á 2,2 km kafla Upphéraðsvegur (931) og gerð efra burðarlags og klæðingu á 2,2 km kafla Fljótsdalsvegur (933) á Austursvæði.

Helstu magntölur á Upphéraðsvegi eru:

Fylling og fláafleygar ..... 2.900 m<sup>3</sup>  
Neðra burðarlág (Styrktarlág) ..... 4.100 m<sup>3</sup>  
Efra burðarlág ..... 1.900 m<sup>3</sup>  
Tvöföld klæðing ..... 14.000 m<sup>2</sup>  
Frágangur fláa ..... 19.000 m<sup>2</sup>

Helstu magntölur á Fljótsdalsvegi eru:

Efra burðarlág ..... 1.600 m<sup>3</sup>  
Tvöföld klæðing ..... 12.500 m<sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 20. september 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1 Ylur ehf. Egilsstöðum	42.980.003	121,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	35.492.000	100,0	-7.488

### Brú á Bakká (Dunká) (54-22)

#### - viðgerð steypu

16-043

Tilboð opnuð 18. maí 2018. Viðgerðir á steypu á brú yfir Bakká á Snæfellsnesvegi (54).

Helstu magntölur eru:

Múrviðgerðir (10-50 mm) ..... 16 m<sup>2</sup>  
Múrviðgerðir, kantur ..... 108 m  
Múrviðgerð, punktar ..... 20 stk.  
Viðgerð bendijárns ..... 108 m  
Bröt og endursteypa ..... 8 m<sup>2</sup>  
Hreinsun og kústun ..... 410 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	12.396.729	100,0	2.572
1 Verkís-Sandtak ehf., Hafnarfirði	9.825.000	79,3	0

### Undirgöng á Reykjanesbraut (41)

#### - viðgerð steypu

16-045

Tilboð opnuð 18. maí 2016. Viðgerðir á steypu á undirgöngum á Reykjanesbraut skammt sunnan við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar.

Helstu magntölur eru:

Múrviðgerðir (5-10 mm) ..... 8 m<sup>2</sup>  
Múrviðgerðir (10-50 mm) ..... 22 m<sup>2</sup>  
Múrviðgerðir, kantur ..... 17 m  
Múrviðgerð, punktar ..... 12 stk.  
Viðgerð bendijárns ..... 30 m  
Hreinsun og kústun ..... 390 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2016.


nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.844.595	100,0	1.290
1 Verkís-Sandtak ehf., Hafnarfirði	5.555.000	81,2	0



# Framkvæmdir 2016

Helstu verk í vega- og brúagerð sem unnið er að á árinu.

Kort sem sýnir framkvæmdir við sjóvarnir og hafnargerð mun birtast síðar.



Djúpvegur (61) um Súðavíkurhlíð Snjóflóðavarnir, stálþil á fjórum stöðum, alls 190 m Verklök: 2016

Barðastrandarvegur (62) Örlygshafnarvegur - Bíldudalsvegur Styrking og klæðing 3,7 km Verklök: 2016

Örlygshafnarvegur (612) Skápadalur - flugvöllur Styrking og klæðing 6 km Verklök: 2017

Snæfellsnesvegur (54) Hringvegur - Álftaneshreppsvegur Afrétting og klæðing 5 km Verklök: 2016

Uxahryggjavegur (52) Skarð - Brautartunga Styrking og klæðing 5,4 km Verklök: 2016

Kjósarskarðsvegur (52) Fremriháls - Þingvallavegur Endurbýgging og klæðing 6,6 km Verklök: 2016

Arnamesvegur (411) Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur Nýbygging 1,6 km Verklök: 2016

Votmúlavegur (310) Lækjarmótavegur - Nýibær Klæðing 1,2 km, verklök: 2016

Kolsholtsvegur (310) Villingaholtsvegur - Vatnsholt Klæðing 0,9 km, verklök: 2016

Villingaholtsvegur (305) Krókur - Arabæjarhjáleiga Klæðing 0,7 km, verklök: 2016

Strandavegur (643) Hálsgrata - Svanshóll Endurgerð og klæðing 7,4 km Verklök: 2017

Tindastólsvegur (746) Þverárfjallsvegur - skjóðasvæði Styrking og klæðing 4,0 km Verklök: 2016

Hegranesvegur (764) Ás - Sauðárkróksbraut Styrking og klæðing 5,1 km Verklök: 2017

Svínvetningabraut (731) Kjálvegur - Hringvegur Styrking og klæðing 5 km Verklök: 2016

Miðfjarðarvegur (704) Hringvegur - Staðarbakki Styrking og klæðing 3,8 km Verklök: 2016

Laxárdalsvegur (59) Þrárdargil - Gröf Styrking og klæðing 5,7 km Verklök: 2016

Hálsasveitarvegur (518) Kaldá - Kaldadalsvegur Breikkun og klæðing 2,9 km Verklök 2016

Kaldadalsvegur (550) Hofmannsflöt - Uxahryggjavegur Burðarlög og klæðing 15,7 km Verklök 2016

Þingvallavegur (36) Gjábakki - Klukkuhólar Endurbýgging og klæðing 2,5 km Verklök 2016

Biskupstungnabraut (35) Skálholtsvegur - Reykjavegur Endurbætur 2,3 km Verklök 2016

Langholtsvegur (341) Styrking og klæðing 4,5 km Verklök 2017

Landvegur (26) Þjófafossvegur - Landmannaleið Endurgerð og klæðing 5,3 km Verklök 2016

Þjállavegur (272) um Lækjarbotna Klæðing 1,0 km, verklök: 2016

Árbæjarvegur (271) Kvistir - Árbakki Styrking og klæðing 2,8 km Verklök 2016

Jarðgöng og vegur að iðnaðarsvæði á Bakka við Húsavík

Hringvegur (1) um Akureyri Lagfæringar á fjórum gatnamótum Verklök 2017

Hringvegur (1) í Reykjadal, áfangi 2 Endurbætur 3,8 km Verklök 2016

Vaðlaheiðargöng 7,5 km Verklök: 2017 Eigandi ganga: Vaðlaheiðargöng hf.

Hólavegur (826) Sandhólar - Arnarfell Styrking og klæðing 2,9 km Verklök: 2016

Dettifossvegur (862) Vesturdalur - Tóveggur Nýbygging 8,9 km Verklök: 2016

Dettifossvegur (862) Dettifossvegur vestri - Hólmatungur Uppbygging nýs vegar að efra burðarlögi 7,7 km Verklök: 2017

Hringvegur (1) Hróarstunguvegur - Heiðarsel Endurbætur 6,4 km Verklök 2016

Hróarstunguvegur (925) Árbakki - Litli Bakki Klæðing 0,8 km Verklök 2016

Seyðisfjarðarvegur (93) Endurbætur á vegsvæði Langahlíð - Guðufoss Verklök: 2016

Norðfjarðargöng 7,9 km og vegtengingar 7,3 km Verklök: 2017

Upphéraðsvegur (931) Hof - Skeggjastaðir Styrking og klæðing 2,2 km Verklök 2016

Fliótsdalsvegur (933) Upphéraðsvegur - Vallholt Klæðing 2,1 km Verklök 2016

Hringvegur (1) Suðurbyggðarvegur - Ásunnarstaðir Klæðing 1,2 km Verklök 2016

Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn Endurbýgging 5,1 km Brú á Berufjarðará Verklök 2018

Hringvegur (1) um Morsá Ný brú Verklök 2016

Legend:

- Red line: Framkvæmdir 2016
- Grey line: Bundið slitlag í lok árs 2015
- Yellow line: Þjóðvegir með malarslitlagi



07.06.2016 VAI



## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir efni fimm af þeim skýrslum sem nýlega hafa komið út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

### Ferðamynstur og ferðafjöldi, höfuðborgarsvæðið

Lilja G. Karlsdóttir, Viaplan, mars 2016

Tilgangur þessa verkefnis var annars vegar að rannsaka fjölda bílferða (e. Trip generation rates) við mismunandi vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu með talningu og hins vegar að rannsaka búsetu starfsfólks til að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) að vinnustöðum.

Með fyrirvara um að aðeins er um stikkprufur að ræða, sýna niðurstöður um fjölda bílferða að ferðafjöldinn er mismunandi eftir tegund húsnæðis. Verslunarhúsnæði hefur mun fleiri ferðir á hvern fermetra samanborið við skrifstofuhúsnæði. Fram kemur að samanborið við umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins virðist það ofáætla ferðir við skrifstofuhúsnæði en að sama skapi vanáætla ferðir við verslunarhúsnæði. Bent er á að þetta sýni hversu mikilvægt er að safna gögnum um ferðafjölda við mismunandi tegundir húsnæðis, þar sem það hefur töluvert mikil áhrif á ýmsar hönnunarforsendur í samgöngumálum.

Athugin á ferðamynstri var bundin við ramma verkefnisins sem ekki bauð upp á fulla greiningu fyrir höfuðborgarsvæðið, heldur er eingöngu um stikkprufu að ræða, þar sem spurningalisti var sendur til nokkurra mismunandi fyrirtækja. Alls bárust tæplega tvö þúsund svör. Meðal niðurstaðna má nefna að langstærsti hluti þátttakenda (85-90%) ferðast innan við 10-12 km vegalengd til vinnu og 55-80% svarenda búa innan við 8 km vegalengd frá vinnustað. Um 60% svarenda sögðust vilja búa í innan við 10 mínútna aksturfjarlægð frá vinnustaðnum, ef þeir gætu valið um það. Fram kemur að tegundir starfa hafa mikil áhrif á ferðamynstur fólks. Störf sem hægt er að sinna víða (t.d. kennarar) leiða til þess að fólk finnur sér starf nálægt heimili sínu, en sérhæfð störf á vinnustöðum eins og Landspítala og Actavis leiða til að fólk sættir sig við að keyra lengri vegalengdir til vinnu.

Í skýrslunni er bent á að héraendis finnast því miður ekki upplýsingar um starfsstöðvar fólks í opinberum gagna-

grunnum, t.d. hjá Hagstofunni eins og víða erlendis. Það gerir rannsóknir eins og þessa á ferðamynstri erfiðar og eina leiðin er spurningakönnun eins og hér er gerð. Vonir standa þó til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar hér á næstu árum og höfundur skýrslunnar skorar á stjórnslu landsins að ráðast hið snarasta í heildstæða gagnaöflun í þessu sambandi.



Seljahnúta með frabelgi. Proskað frá á seljahnútu í byrjun september 2015.

### Frærækt innlendra plöntutegunda, áfangaskýrsla 2015

Jón Guðmundsson, mars 2016

Tilraunaverkefnið miðar að því að rækta nokkrar tegundir til fræs, sem nýta mætti í sáningar meðfram vegum svo og við sáningar á röskuðum svæðum. Unnið hefur verið með nokkrar tilteknar tegundir. Markmiðið er að framleiða fræ til sáninga og er gert ráð fyrir að það geti orðið álitlegur valkostur miðað við að sá grasfræi og dreifa áburði.

Allar plöntutegundirnar sem unnið er með, mynda fræ árlega en mismikið eftir árferði og fjölda frævara. Tekist hefur að slá þær flestar með sláttuvél og hirða fræið úr þeim massa sem safnast með slættinum. Allar tegundirnar má því rækta á fræökrum og hirða fræið með sláttupreskivél, þó sérútbúnað þurfi til.

Gróðurframvinda ársins 2015 einkenndist af því að fræ þroskaðist seint og var þroskunarhraðinn svipaður og sumarið 2014. Fylgst var með blómgun og frævun á tveimur svæðum á Rangárvöllum. Blómgun stóð yfir í langan tíma og þar með fræmyndunin. Hunangsflugan húsumla var sem fyrr mikilvægasti frævarinn. Frævun varð almennt lítil og fræmyndun ekki mikil. Ein tegund, hvítmári, myndaði sama og ekkert fræ og má það e.t.v. rekja til þess að móhumla sem er líklegasti frævari hans sást ekki á tilraunasvæðinu.

### Hugbúnaður til stærðar- ákvörðunar vegræsa

Lilja Oddsdóttir, Mannvit, mars 2016

Markmið verkefnisins sem skýrslan fjallar um er að finna hentugan hugbúnað sem hönnuðir geta treyst á til ákvörðunar á stærð vegræsa.

Það hefur verið venja að ákvarða flutningsgetu vegræsa handvirkt með venslaritum (e. nomographs) og meðal annars hafa venslarit fyrir hringlaga og þverhyrnt þversnið frá norsku Vegagerðinni verið notuð hér á landi. Aflestur af



slíkum venslaritum er takmarkandi, ekki er hægt að áætla straumhraða með þeim og þau eru ekki til fyrir mjög stór vegræsi eða hálfbogaræsi á steiptum sökklum eins og reist hafa verið héraendis. Handútreikningar bjóða heim hættu á innsláttarvillum auk þess sem þeir eru tímafreakir og flóknir. Þannig getur verið hentugt að nota þar til gerðan hugbúnað við stærðarákvörðun ræsa, en hafa ber í huga að straumfræðipækking auðveldar notkun slíks búnaðar og gerir notendur líklegri til að koma auga á ósennilegar niðurstöður.

Þrjú forrit, HEC-RAS, HY-8 og Hydraflow Express voru valin til skoðunar. Hin tvö fyrstu eru gjaldfrjáls en hið síðastnefnda er viðbót við teikniforritið AutoCad Civil 3D. Í skýrslunni eru stuttar lýsingar á þeim og þau eru borin saman hvað varðar valmöguleika í uppsetningu, útreiknimöguleikum, hvaða niðurstöður er hægt að fá og fleira. Forritin voru síðan notuð til að herma aðstæður fyrir fjögur vegræsi, sem eru í notkun héraendis, af mismunandi gerð. Niðurstöður hermananna voru bornar saman við niðurstöður aflestra af venslaritum.

Niðurstöður verkefnisins er að mælt er með notkun HY-8 þegar skoða skal dýpi framan við inntak, vatnshæð við úttak og straumhraða við úttak. Hins vegar ætti frekar að nota HEC-RAS við hönnun ef ástæða þykir til þess að hafa áhyggjur af bakvatnsáhrifum eða straumhraða við inntak, ef fleiri mannvirki eru í sama árfarvegi, ef brú er í sama sniði og ef vegræsið sem hanna á er á stærð við brú eða ef þversnið breytist með lengd. Ekki er mælt með því að nota Hydraflow Express forritið.

### Áhrif síldardauða á lífríki botns í Kolgrafafirði

Róbert A. Stefánsson, Jón Einar Jónsson, Menja von Schmalensee og Jörundur Svavarsson, mars 2016

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að meta áhrif síldardauðans í Kolgrafafirði veturinn 2012-2013 og súrefnisþurrðar sem af því stafaði á lífríki fjöru og botns fjarðarins. Hins vegar að skrásetja hvernig tegundasamsetning og einstaklingsfjöldi botndýra jafnar sig eftir áfallið og hversu langan tíma það tekur.

Til að ná fram ofangreindum markmiðum hafa verið tekin sýni af botni og úr fjörum í júní 2013, 2014 og 2015. Gert er



ráð fyrir að taka sýni af botni (en ekki úr fjörum) sumarið 2016, enda bendir flest til að áhrif síldardauðans á lífríki botns hafi enn ekki að fullu gengið til baka.

Sýnin eru skoðuð og borin saman við sams konar sýnatöku árið 1999. Greining sýna og úrvinnsla er enn í gangi, en í meistaraþrófsritgerð Valtýs Sigurðssonar, frá 2015, er gerð grein fyrir niðurstöðum athugana á sýnum sem tekin voru 2013. Þar kemur fram að að líffræðileg fjölbreytni í botninum hafi minnkað eftir síldardauðann. Hins vegar var fjöldi einstaklinga á flatareiningu, óháð tegund, ekki mjög frábrugðin niðurstöðu fyrir 1999. Fyrstu athuganir á sýnum sem tekin voru sumarið 2014 benda til þess að lífríkið hafi þá tekið framförum frá árinu 2013. Í þessari áfangaskýrslu kemur fram að ætla má að vistkerfið í Kolgrafafirði muni jafna sig að nýju og er það byggt á rannsóknunum á svipuðum aðstæðum m.a. í Noregi. Hins vegar á atburðurinn í Kolgrafafirði sé engar hliðstæðu hvað magn varðar og fáheyrð að til séu gögn um svæðið frá því fyrir slíkan atburð. Því telja skýrsluhöfundar að hér sé einstakt tækifæri til rannsókna og mikilvægt að fylgjast áfram með framvindu mála.




### Styrkingarmöguleikar burðarlags í vegum, áfangaskýrsla

Þorbjörg Sævarsdóttir og Bergþóra Kristinsdóttir, Efla, Jón Magnússon, Vegagerðin, mars 2016

Ljóst er að á næstu árum verður nauðsynlegt að ráðast í meira mæli í styrkingu vegakerfisins þar sem endurnýjun þess og viðhald er langt undir þörfum. Þegar kemur að burðarþolsstyrkingu er margar leiðir færar, en mikilvægt að velja aðferð þannig að verkefni verði sem hagkvæmust. Í þessu verkefni var valið að skoða tvær algengar aðferðir til styrkinga, bikbundið burðarlag og sementsbundið burðarlag. Til samanburðar voru einnig skoðaðir kaflar þar sem vegir eru endurbyggðir með óbundnu burðarlagi.

Niðurstöður þeirra athugana sem sagt er frá í áfangaskýrslunni gefa til kynna að sementsbinding burðarlags skili töluvert auknum styrk miðað við að notast við óbundin og/eða bikbundin burðarlög. Sementsfestun virðist vera að heppnast vel og ending veganna virðist vera góð.

Fram kemur að niðurstöðurnar koma að mörgu leyti á óvart. Til dæmis kemur á óvart hversu lítil áhrif bikbinding burðarlagsins hefur á styrk vegarins, en styrkurinn virðist endast vel með tíma. Í framhaldi verkefnisins er vonast til að hægt verði að skoða þetta nánar, skoða fleiri kafla, bera styrkinn saman við útboðsgögn og hugsanlegar kjarnamælingar gerðar eftir styrkinguna. Þá verður hugsanlega farið í að bakreikna falllódsmælingar til þess að geta greint betur hvar í uppbyggingunni veikleikar veganna liggja, fyrir og eftir styrkingu. ■



Hlutfall starfsfólks í Borgartúni og vegalengdir til vinnu.



## Ríflega 300 þátttakendur á Norrænu jarðtækniráðstefnunni í Reykjavík

Áður birt á vegagerdn.is 26.05.2016

Góð þátttaka var á Norrænu jarðtækniráðstefnunni sem að þessu sinni var haldin á Íslandi, í Hörpu 25. til 28. maí. Ríflega 300 manns sóttu ráðstefnuna. Flestir frá norrænu ríkjunum en alls frá 22 löndum. Á þriðja tug erinda voru flutt á ráðstefnunni. Auk þess sem vinnustofa var haldin degi á undan.

Á ráðstefnunni var líka fjöldi sýnenda frá alls 10 löndum þannig að það var mikið að gerast þessa daga í jarðtækninni. Fræðast má um ráðstefnuna á heimasíðu hennar: <http://www.ngm2016.com/> Og einnig á heimasíðu Jarðtæknifélags Íslands: <http://www.jtfi.net/>



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri ávarpaði gesti í upphafi Norrænu jarðtækniráðstefnunnar.

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2016, malbik 16-011

Tilboð opnuð 18. maí 2016. Yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2016.

Helstu magnþölur:

Útlögn malbiks	15.376 m <sup>2</sup>
Hjólfarafylling	7.144 m <sup>2</sup>
Fræsing	1.492 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Kraffttag ehf., Akureyri	100.409.683	101,5	5.740
2	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas ehf., Hafnarfirði	100.081.775	101,1	5.412
---	Áætlaður verktakakostnaður	98.969.000	100,0	4.299
1	Malbikun K-M ehf., Akureyri	94.670.078	95,7	0

### Fáskrúðsfjörður – stálrör 2016 16-046

Tilboð opnuð 18. maí 2015. Vegagerðin, f.h. Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, óskaði eftir tilboðum í efnisikaup fyrir stálrör.

Helstu magnþölur: Stálrör Ø400 og 325mm, lengd 18, 20 og 22 m, 69 stk. eða um 125 tonn. Efni skal afhent fyrir júlilok 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)
3	Guðmundur Arason ehf., Reykjavík	21.297.540
2	Guðmundur Arason ehf., Reykjavík **	17.451.005
1	Ferro Zink hf., Hafnarfirði *	16.821.840

\* Tilboð Ferro Zink er frávikstilboð.

\*\* Fyrra tilboð Guðmundar Arasonar er í evrum. Tilboðið er hér fært í krónur á genginu 139,12

Það var Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sem ávarpaði gesti í upphafi ráðstefnunnar og minnti á að jarðtæknilegar lausnir og aðferðir væru nauðsynlegar til að tryggja öryggi innviðanna og til að viðhalda sjálfbærri þróun. Þessar lausnir ættu rætur sínar í reynslu liðinna ára og væru í dag styrktar rannsóknum og tækni nútímans. Hreinn sagði einnig að í dag væri í auknum mæli litið til áhættu við framkvæmdir og áætlana um áhættu (e. risk analysis) sem sneri ekki eingöngu að öryggi mannvirkjanna heldur einnig fjárhagslegrar áhættu. Það væri því ánægjulegt að sjá hversu mörg erindi fjölluðu um þetta efni.

Það var síðan Suzanne Lacasse frá norsku jarðtæknistofnuninni sem reið á vaðið um umræðu um áhættu en hún er frá Kanada þótt hún starfi í Noregi. Vel við hæfi að hún byrjaði enda hefur hún fengið riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu og bar hana við þetta tækifæri - að beiðni ráðstefnuhaldara. Riddarakrossinn hlaut hún árið 1997. ■



Haraldur Sigursteinsson formaður Jarðtæknifélags Íslands.



Suzanne Lacasse með fálkaorðuna.

## Niðurstöður útboða

### Dettifossvegur (862), Dettifossvegur vestri - Hólmatungur 16-034

Tilboð opnuð 31. maí 2016. Gerð Dettifossvegur (862-02), frá gatnamótum Dettifossvegur vestri að Hólmatungum. Verkið felst í að byggja upp veginn að efra burðarlagi. Lengd útboðskalfans er 7,72 km.

Helstu magnþölur eru:

Bergskeringar	4.280 m <sup>3</sup>
Aðrar skeringar	167.970 m <sup>3</sup>
Skeringar vegna svarólags	38.290 m <sup>3</sup>
Fyllingar	143.300 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	41.130 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	420 m
Endafrágangur ræsa	22 stk
Neðra burðarlag (styrktarlag)	45.140 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	22.850 m <sup>2</sup>
Frágangur hliðarsvæða	20.920 m <sup>2</sup>

Verklök eru 15. ágúst 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Ístrúkkur ehf. og Jón Ingi ehf., Kópaskeri	298.073.584	114,0	10.461
2	Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	287.612.110	110,0	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	261.477.000	100,0	-26.135

### Svínvetningabraut (731), Kjalvegur - Hringvegur 16-031

Tilboð opnuð 10. maí 2016. Endurbýgging Svínvetningabrautar (731) frá vegamótum Kjalvegur (35) að vegamótum Hringvegur (1), samtals um 5,0 km.

Helstu magnþölur eru:

Efnisvinnsla 0/22 mm	9.420 m <sup>3</sup>
Efnisvinnsla 4/16 mm	1.460 m <sup>3</sup>
Skering	1.260 m <sup>3</sup>
Fylling	600 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	660 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	15 m
Neðra burðarlag (styrktarlag)	1.400 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	7.250 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	35.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	6.000 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	G.V. gröfur ehf., Akureyri	95.729.600	153,6	36.504
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	95.152.000	152,6	35.926
2	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	68.914.000	110,5	9.688
---	Áætlaður verktakakostnaður	62.341.000	100,0	3.115
1	Vélaþjónustan Messuholt ehf. og Víðimelsbræður ehf., Sauðárkróki	59.225.750	95,0	0





## Námskeið í merkingu vinnusvæða hjá Opna háskólanum í HR, 21. og 22. júní

Merking vinnusvæða er 16 klst. námskeið fyrir verkkaupa, hönnuði og eftirlitsmenn sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja.

Árið 2009 kom út reglugerð nr. 492/2009 með stöð í umferðarlögum um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við vegi. Þar var m.a. kveðið á um að Vegagerðinni væri falið að skrifa nánari reglur um útfærslu og framkvæmd vinnusvæðamerkinga.

Í reglum eru strangar kröfur um þekkingu og réttindi þeirra sem koma að þessum málum. Þar kemur fram að allir sem koma að þessum málum frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg og þeir verktakar, hönnuðir og eftirlitsmenn sem tengjast verkefnum á þeirra vegum þurfa að hafa sótt námskeiðið „Merking vinnusvæða“ og lokið prófi eins og gerðar eru kröfur um í umræddum reglum.

### Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir eftirfarandi efnisþætti:

1. Lög og reglugerðir, flokkun vegna og gatna, umferðarmerki, flokkun og tegundir, umferðarstjórn.
2. Vinnusvæðið, umgengisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit.
3. Rammareglur um merkingar vinnusvæðis/ framkvæmdasvæðis.
4. Varnar- og merkingarbúnaður, ljósabúnaður, merkjavagnar, vinnutæki og öryggisbúnaður.
5. Lagnavinna o.fl., leyfis skyldar framkvæmdir á vegsvæðum.
6. Vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu.
7. Magnataka, kostnaðaráætlanir, gæðaúttektir og féviti.

Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda.

### Markmið:

Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda, þannig að merkingar þessar séu samræmdar, bæði gagnvart starfsmönnum á vinnustað og vegfarendum.

### Fyrir hverja?

Námskeiðið er ætlað þeim verkkaupum, hönnuðum, verktökum og eftirlitsmönnum sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja svo og öðrum þeim stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að framkvæmdum á eða við vegsvæði.

### Leiðbeinendur:

Leiðbeinendur námskeiðsins eru Björn Ólafsson og Ingvi Árnason stjórnendur hjá Vegagerðinni og stundakennarar við tækni- og verkfræðideild HR. Jóhann Christiansen kennir einnig 2 klukkustundir á námskeiðinu.

### Kennslufyrirkomulag:

**Staður:** Námskeiðið verður haldið í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

**Stund:** Kennsla fer fram þriðjudaginn 21. júní og miðvikudaginn 22. júní 2016 milli kl. 8:30 og 16:30.

**Lengd:** Námskeiðið er samtals 16 klukkustundir (2x8 klst.).

**Verð:** 79.000,- kr. (Innfalið í námskeiðsgjaldi er morgunkaffi, hádegisverður og síðdegiskaffi báða dagana)

### Nánari upplýsingar veitir:

Lýdía Huld Grímsdóttir  
verkefnastjóri Opna háskólans í HR  
Sími: 599 6348  
Tölvupóstur: lydiahuld@ru.is

Skráning fer fram í gegnum heimasíðu námskeiðsins:  
<http://www.ru.is/opnihaskolinn/merking-vinnusvæða>



OPNA HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Pá . . .




. . . og nú



Gamla myndin er úr safni Geirs G. Zoëga og hefur hún lengi valdið okkur heilabrotum sem komið hafa að greiningu þess. Nú er komið í ljós að staðurinn blasir við á hægri hönd þegar Reykjanesbrautin er ekin í átt til Reykjavíkur í Straumsvík. Þetta er við húsið Gerði sem stendur suðaustan við Straumsvíkina sem er vestan við álverið. Þarna var búskapur áður fyrr en bærinn fór í eyði um 1930, líkt og fleiri jarðir á þessu svæði. Síðan hefur þetta verið sumarbústaður, nú í eigu ÍSAL (heimild mbl. 23.06.2002). Myndin er tekin á millistríðsárunum en erfitt er að geta í nákvæmari tímasetningu. Líklega sést í hornið á bæjarhúsum að Gerði lengst til hægri á gömlu myndinni. Ég, sem þetta skrifa, Viktor Arnar ritstjóri, hafði reyndar horft á þetta sjónarhorn áður en fannst ólíklegt að þetta gæti verið réttur staður. Ég nefndi þó þessa tilgátu við Baldur Þór Þorvaldsson verkfræðing. Hann fór á staðinn og fann örugga sönnun sem er steinaröðin efst

á hrauninu vinstra megin á myndinni. Hér fyrir neðan má sjá stækkun úr báðum myndunum, aukið er við skerpuna og límyndin sett í svart/hvítt. Það fer ekki á milli mála, mynstrið er alveg það sama. Það truflar dálítið við samanburð myndanna að yngri vegur sést á nýju myndinni. Leifar gamla vegarins sjást þó ennþá, frammar á myndinni og eflaust er gamla steinhleðslan þarna líka, grafín í jarðveg. Það er reyndar undrunarefni hve mikill jarðvegur hefur hlaðist þarna upp og hvað hraunið virðist lítt mosagróid á gömlu myndinni, miðað við það sem nú er.





## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Auglýst:	Opnað:
16-044 Brú á Stöðvará (96-10), og brú á Dalsá (96-07), viðgerð á steypu		2016	
16-023 Langholtsvegur (341)		2016	
16-022 Endurbætur á Þingvallavegi (36)		2016	
16-035 Hringvegur (1) í Reykjadal, Daðastaðir - Reykjadal		2016	
16-033 Dagverðareyruvegur (816), Hlaðir - Ólafsfjarðarvegur		2016	
16-030 Seyðisfjarðarvegur (93), öryggisaðgerðir		2016	
16-037 Sementsfestun á Vestfjörðum		2016	
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn		2016	
15-056 Álfanes, sjónvörn 2015		2016	
15-053 Harðviður 2015		2016	
15-050 Landeyjahöfn, dæluögn og dæla,		2016	
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013		2016	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
16-040 Dýrafjarðargöng, forval	09.05.16	28.06.16	
16-049 Þorlákshöfn - dýpkun, rif á bryggju og færsla grjótvanna	23.05.16	14.06.16	
16-047 Tindastólsvegur (746) Þverárfjallsvegur - skíðasvæði	30.05.16	14.06.16	
16-013 Laxárdalsvegur (59), Þrárdargil - Gröf	30.05.16	14.06.16	
16-050 Brjánslækur - dýpkun 2016	30.05.16	14.06.16	
16-051 Eskifjörður, styrking grjótvanna	06.06.16	21.06.16	
16-020 Árbæjarvegur (271), Kvistir-Árbakki	06.06.16	21.06.16	
16-014 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - flugvöllur	06.06.16	21.06.16	
16-028 Hringvegur (1), Hveragerði - Biskupstungnabraut, hönnun	18.04.16	frestað	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
16-046 Fáskrúðsfjörður, stálror 2016	02.05.16	18.05.16	
16-011 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2016, malbik	02.05.16	18.05.16	
16-029 Endurbætur á Upphéraðsvegi (931), Hof - Skeggjastaðir	09.05.16	24.05.16	
16-031 Svínvetningabraut,(731), Kjalvegur - Hringvegur	25.04.16	10.05.16	
16-048 Siglufjörður, dýpkun við Bæjarbryggju 2016	09.05.16	24.05.16	
16-034 Dettifossvegur (862), Dettifossvegur vestri - Hólmatungur	16.05.16	31.05.16	
16-032 Hegranesvegur (764), Ás - Sauðárkróksbraut	23.05.16	07.06.16	
15-085 Norðfjarðargöng: Stjórnkerfi	09.05.16	07.06.16	
16-042 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2016-2018	25.04.16	18.05.16	
16-045 Undirgöng á Reykjanesbraut (41), viðgerð steypu	02.05.16	18.05.16	

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
16-043 Brú á Bakkaá (Dunká) (54-22), viðgerð steypu	02.05.16	18.05.16
15-041 Landeyjahöfn, haustdýpkun 2016-2018	11.04.16	03.05.16
16-038 Borgarfjörður eystri, sjónvörn	07.03.16	22.03.16
16-005 Yfirlagnir á Norðursvæði 2016, klæðing	29.02.16	15.03.16
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
16-036 Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2016 <i>Avarr ehf., kt. 550885-0429</i>	26.04.16	27.05.16
16-012 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Norðursvæði 2016 <i>Arnardalur sf., kt. 540678-0309</i>	26.04.16	27.05.16
16-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2016, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499</i>	26.04.16	17.05.16
16-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2016, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499</i>	26.04.16	17.05.16
16-039 Gras- og kantsláttur Suðursvæðis 2016-2018 <i>Garðlist ehf., kt. 450598-2409</i>	05.04.16	12.05.16
16-026 Kaldadalsvegur (550), Uxahryggjarvegur - klæðingarendi <i>Suðurtak ehf., kt. 561109-0790</i>	22.03.16	31.05.16
16-007 Yfirlagnir á Vestursvæði 2016, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	22.03.16	19.04.16
16-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Vestursvæði 2016, blettanir með klæðingu <i>Blettur ehf. kt., 630304-3180</i>	22.03.16	19.04.16
16-006 Yfirlagnir og blettanir á Suðursvæði 2016, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	22.03.16	
16-004 Yfirlagnir á Austursvæði 2016, klæðing og blettanir <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>	22.03.16	19.05.16
16-025 Yfirborðsmerkingar vélmössun Suðursvæði 2016-2018 <i>Vegamálun ehf., kt. 630497-2649</i>	15.03.16	15.04.16
16-024 Yfirborðsmerkingar sprautuplast Suðursvæði 2016-2018 <i>EKC Sweden AB , Svíþjóð</i>	15.03.16	12.04.16
16-017 Yfirborðsmerkingar vegmálun Suðursvæði 2016-2018 <i>EKC Sweden AB , Svíþjóð</i>	15.03.16	12.04.16
16-018 Yfirborðsmerkingar; vegmálun Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði <i>EKC Sweden AB , Svíþjóð</i>	15.03.16	12.04.16